

SÖGUAÐFERÐ

STAÐUR (HVAR?): UMHVERFI Á ÍSLANDI

Nemendur búa til lista yfir það sem einkennir umhverfi á Íslandi. Þar gefst tækifæri til að vinna með ýmis hugtök til að skilja og muna þau betur.

Dæmi:

Nemendur teikna, mála og klippa út mismunandi umhverfi s.s. fjöll, firði, jökla, kjarri vaxið land, skóg, eyjar o.fl. Úr þessum myndum er myndað landslag sem hengt er upp á vegg í skólastofunni og unnið meira með. Nemendur merkja heitin og gefa svo stöðunum nöfn (sjá síðar). Hentugt er að bæta við á veggmyndina, jurtum, dýrum og persónunum sem fjallað er um í námsbókinni.

LANDNÁM (HVAÐ/HVERJIR?)

Út frá veggmyndinni er heppilegt að fjalla um landnám plantna, dýra og manna.

Hvað sjáum við? – Hvað finnum við?

Hvaða plöntur vaxa? Hvað finnum við í fjörunni? Orðalisti, skráning.

Í þessu sambandi er heppilegt að fara í vettvangsferð og kanna nánasta umhverfi, safna plöntum smá-dýrum og skeljum og rannsaka nánar þegar í skólann er komið. Nemendur vinna saman í litlum hópum. Upplýsingaöflun í bókum og á Netinu.

Hver hópur gerir grein fyrir viðfangsefni sínu.

FÓLKIÐ (HVERJIR?)

Hvernig var Ísland þegar fólk fór að nema land hér?

Hvaðan kom fólkíð?

Í þessu sambandi er heppilegt að nota innlifunaraðferð. Nemendur ímynda sér að þeir séu landnámsmenn að koma til Íslands. Kennari segir sögu á meðan nemendur lygna aftur augunum og ímynda sér að þeir séu staddir í ámóta landslangi og þeir hafa „skapað” í skólastofunni. Út frá þessari innlifun er heppilegt að gefa stöðunum nöfn (vinna með örnefni). Nemendur geta einnig séð um lýsingu út frá vettvangsferð og vinnu með hugtök varðandi landslag.

Nemendur velja sér persónu og búa til dúkkulísu (klippimynd sbr. söguaðferð)

Hver nemandi skráir upplýsingar um sína persónu s.s. nafn, aldur, heimili, starf, hvaðan hann/hún kom, áhugamál ...

Nokkrir nemendur mynda fjölskyldu úr dúkkulísunum sínum og vinna með þær áfram.

Dæmi um verkefni:

Bæ valinn staður, bær byggður, öflun matar o.fl.

SÉRSTAKUR VIÐBURÐUR

Hvaða viðburðir voru helstir á landnámsöld. Umræður, skráning.

Dæmi: blót, siglingar, bardagar, landnemar finna furðudýr ...

Nemendur koma sér saman um viðburð sem allir (allar persónurnar) taka þátt í að undirbúa og framkvæma. Þar er hægt að semja eða finna hentugar vísur eða söngva, semja ræður, hafa leikræna tjáningu, glímu, skautuferð o.fl. o.fl.